

Þingsályktun

um prófessorsstöðu tengda nafni Jóns Sigurðssonar forseta.

Alþingi ályktar – í tilefni af 200 ára fæðingarársmæli Jóns Sigurðssonar forseta 17. júní 2011 – að stofnuð verði prófessorsstaða tengd nafni hans.

Prófessorsstaðan verði við Háskóla Íslands en starfsskyldur þess sem henni gegnir verði m.a. við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum og í samstarfi við Háskólasetur Vestfjarða.

Staðan verði auglýst og skipað í hana á fimm ára fresti eftir almennum reglum um prófessora. Heimilt verði að endurnýja skipunartímann einu sinni.

Prófessorinn hafi rannsóknar- og kennsluskyldu í sínu fagi. Eitt lykilverkefna verði að halda árlega ráðstefnur og námskeið í sumarháskóla á Hrafnseyri með innlendum og erlendum kennurum og fyrirlesurum.

Við skipun í prófessorsembættið verði höfð hliðsjón af því hvernig áætlun umsækjenda um rannsóknastarf og kennslu tengist lífi, starfi og arfleifð Jóns Sigurðssonar og eflri þekkingu á sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa málið þannig að prófessorinn geti tekið til starfa frá og með næstu áramótum.

Samþykkt á Alþingi 15. júní 2011.

